



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

### ***Umsögn borgarlögmanns um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks flokksins um yfirlit yfir dómsmál borgarinnar frá 2018***

Á fundi borgarráðs hinn 7. janúar 2021 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks flokksins vísað til umsagnar borgarlögmanns:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir fjölda dómsmála frá árinu 2018 sem Reykjavíkurborg hefur höfðað og fjölda dómsmála frá árinu 2018 sem Reykjavíkurborg á aðild að sem stefndi. Óskað er eftir sundurliðun á málum eftir niðurstöðu þeirra. Einnig er óskað eftir sundurliðun á málum eftir efni þeirra og tegund, svo sem hvort um er að ræða bótamál, innheimtumál, mál þar sem deilt er um lögmati stjórnvaldsákvarðana o.s.frv. Einnig er óskað svara við eftirfarandi spurningum: Hver er heildarfjárhæð krafna sem Reykjavíkurborg hefur verið dæmd til að greiða og hver er heildarfjárhæð þeirra krafna sem Reykjavíkurborg hefur krafist viðurkenningar á og dómstólar hafa fallist á? Hve mörg dómsmálanna eru barnaverndarmál og lögræðismál (flýtimeðferðarmál)?*

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

#### **I. Dómsmál (hefðbundin einkamál) sem Reykjavíkurborg hefur höfðað og heildarfjárhæð krafna**

Á því tímabili sem um ræðir, þ.e. frá árinu 2018 til dagsins í dag, hefur Reykjavíkurborg höfðað tvö dómsmál. Annars vegar með íslenska ríkinu á hendur Jáverki ehf. til greiðslu skaðabóta vegna galla í viðbyggingu við Menntaskólann í Sund og hins vegar á hendur íslenska ríkinu vegna greiðslu tiltekinna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Heildarfjárhæð krafna Reykjavíkurborgar í þessum tveimur málum er kr. 5.467.430.816,-, að viðbættum dráttarvöxtum og vöxtum. Nánar tiltekið gerir Reykjavíkurborg kröfu um greiðslu að fjárhæð kr. 49.484.448,- í fyrnefnda málinu á hendur Jáverki ehf. og kröfu um greiðslu kr. 5.471.946.368,- í síðarnefnda málinu á hendur íslenska ríkinu. Hvorugu málinu hefur verið leitt til lykta fyrir dómstólum.

#### **II. Dómsmál sem Reykjavíkurborg (hefðbundin einkamál) á eða hefur átt aðild að sem stefndi**

Reykjavíkurborg á eða hefur átt aðild að 43 dómsmálum (hefðbundin einkamál) og sex

matsmálum á framangreindu tímabili. Þar af er 24 hefðbundnu einkamáli lokið, en enn eru 19 slík mál rekin fyrir dómi. Enn fremur hafa verið eða eru rekin sex matsmál fyrir dómi, þar af er tveimur matsmálum lokið en fjögur slík mál enn rekin fyrir héraðsdómi.

Af þeim 24 dómsmálum sem er lokið voru tíu mál felld niður að undangengnu samkomulagi, þ.e. án þess að kveðinn væri upp dómur eða úrskurður í þeim. Á hinn bóginn lauk 14 þessara mála með dómi eða úrskurði dómstóla með eftirfarandi hætti:

#### **Hefðbundin einkamál sem voru leidd til lykta með dómi eða úrskurði (14):**

**Frávísun: 6**

**Sýkna: 6**

**Tap: 2**

### **III. Sundurliðun á málum eftir niðurstöðu þeirra, efni og tegund**

<b>Efni</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Lokið</b>	<b>Ólokið</b>	<b>Niðurstaða</b>
Ógilding stjórnarathafnar	10	6	4	Niðurfelling (2), sýkna (1), frávísun (2), tap (1)
Miska-og/eða skaðabótamál	21	10	11	Niðurfelling (3), sýkna (1), frávísun (4), aldrei þingfest (2)
Slysatryggingarmál	3	2	1	Niðurfelling (1), sýkna (1)
Eignarréttarmál	2	2		Sýkna (1), tap (1)
Fjárkröfur	3	2	1	Sýkna (1), niðurfelling (1)
Skipulagsmál	4	2	2	Niðurfelling (2)

### **IV. Heildarfjárhæð krafna sem Reykjavíkurborg hefur verið dæmd til að greiða**

Í málunum sem töpuðust var Reykjavíkurborg dæmd til að greiða kr. 250.000,-, auk dráttarvaxta, í bætur, og 2.950.000,- í málskostnað.

### **V. Heildarfjárhæð krafna sem Reykjavíkurborg hefur krafist viðurkenningar á og dómstólar fallist á**

Hvorugu málanna sem Reykjavíkurborg hefur höfðað á fyrrnefndu tímabili er lokið, en bæði málin eru rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **VI. Flýtimeðferðarmál (barnaverndarmál og lögræðismál)**

#### **Barnaverndarmál:**

Á fyrrnefndu tímabili hefur Reykjavíkurborg vegna barnaverndarnefndar Reykjavíkur átt aðild að 107 dómsmálum, þar af 58 vistunarmál og 49 forsjársviptingarmál.

**Lögræðismál:**

Á fyrrnefndu tímabili hefur Reykjavíkurborg vegna velferðarsviðs Reykjavíkurborgar átt aðild að 354 lögræðismálum.

<b>Krafa</b>	<b>Fjöldi mála</b>
<b>Sjálfræðissvipting</b>	<b>139</b>
<b>Nauðungarvistun</b>	<b>200</b>
<b>Lögræðissvipting (fjarræði og sjálfræði)</b>	<b>10</b>
<b>Fjarræðissvipting</b>	<b>3</b>
<b>Beiðni um undanþágu við beitingu nauðungar</b>	<b>2</b>



Ebba Schram